

Sp. 137. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Halldór E. Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson,
Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur í því skyni að gera reglur um þær einfaldari en þær eru nú.

Verði stefnt að því, að endurskoðun þessari ljúki það tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um þetta efni.

Leitað verði samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga um endurskoðun þessa.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga, samhljóða þessari, var borin fram í lok síðasta Alþingis, en hlaut þá ekki afgreiðslu sökum tímaskorts. Þá fylgdi þáttill. svofelld greinargerð, sem enn er í sama gildi:

„Innheimta barnsmeðlaga hjá barnsfeðrum er eitt þeirra verkefna, sem veldur oddvitum og öðrum starfsmönnum sveitarfélaga hvað mestri fyrirhöfn, og útgjöld vegna óinheimtanlegra meðlaga leggjast mjög þungt og misjafnlega á mörg sveitarfélög, ekki sízt þau fámennustu.

Tryggingastofnun ríkisins hefur með höndum það hlutverk, sbr. 79. gr. laga nr. 40/1963, að greiða ógiftum og fráskildum mæðrum meðlög með börnum þeirra til 16 ára aldurs gegn framvisun meðlagsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs. Stofnunin á síðan rétt á að krefja barnsföður um endurgreiðslu meðlagsins, en verði vanskil af hans hálfu, skal stofnunin innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans innan 12 mánaða frá greiðslu meðlagsins. Vanræki framfærslusveit að sinna kröfunni, getur stofnunin krafist ríkissjóð um endurgreiðslu.

Í framkvæmdinni mun það vera svo, að Tryggingastofnunin krefur ekki einstaka barnsfeður um endurgreiðslu, heldur framfærslusveit þeirra.

Meðlög greidd Tryggingastofnuninni af framfærslusveit teljast framfærslustyrkur veittur barnsföður, og er framfærslusveit heimilt að krefja barnsföður um endurgreiðslu þeirra samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Reynslan sýnir, að endurgreiðslukröfur framfærslusveitar á hendur barnsfeðrum innheimtast bæði seint og illa, og ber margt til þess.

Tryggingastofnunin sendir endurgreiðslukröfur til sveitarfélaganna einu sinni á ári, í fyrsta lagi eftir lok þess árs, sem greiðslan var innt af hendi, og oft síðar, ef óvissa hefur verið um framfærslusveit og afla hefur þurft úrskurðar um sveitfesti barnsföður. Þegar sveitarfélag getur fyrst hafizt handa um að krefja barnsföður, hafa því oft safnast fyrir kröfur, er nema allháum fjárhæðum, sem erfitt reynist að innheimta ásamt þeim, er síðar bætast við, þar sem fjárhag margra barnsfeðra er þannig háttað, að þeir eru ekki aflögufærir um meðlagsgreiðslu nema smátt og smátt af vinnutekjum sínum. Niðurstaðan verður því sú, að ekki innheimtist nema hluti útlagðs kostnaðar vegna greiddra barnsmeðlaga, en hinn hlutinn lendir á sveitarsjóði, þ. e. þegnum sveitarfélagsins í formi hærri útsvara.

Það er að sjálfsgöðu ákaflega tilviljanakennt, hver útgjöld einstakra sveitarfélaga verða af þessum sökum.

Segja má, að stærstu sveitarfélögin standi bezt að vígi í þessu efni, þar sem útgjaldabyrðin dreifist á fleiri herðar og aðstaðan er betri til innheimtu. En sérstaklega geta þessi útgjöld komið illa við fámenn sveitarfélög. Það er einnig tíðum tilviljanakennt, á hvaða sveitarfélagi slík útgjöld lenda í einstaka tilvikum, — það getur oltið á því, í hvaða sveitarfélagi meðlagsskyldur maður er staddur, þegar meðlagsúrskurður er útgefinn og birtur. En viðkomandi sveitarfélag verður að sitja uppi með þessi útgjöld til 16 ára aldurs barns, þótt barnsfaðir sé þaðan fluttur og sé gjaldþegn í öðru sveitarfélagi, sbr. ákvæði framfærslulaga.

Sveitarfélögin eru óánægð með núverandi skipan þessara mála og hafa oft rætt þau á fundum sínum og þingum, síðast á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á liðnu sumri, þar sem samþykkt var tillaga um að fela stjórn sambandsins að vinna að því, að gerðar yrðu breytingar til hagsbóta fyrir sveitarfélögin á núgildandi lagaákvæðum um þetta efni.

Þar sem flutningsmenn telja, að um ýmsar leiðir sé að velja til úrbóta í þessu efni, álíta þeir þá málsmeðferð eðlilega, að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur, og í framhaldi af og á grundvelli þeirrar endurskoðunar verði lagt fyrir Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um breytingar á gildandi lögum um þetta efni, sem feli í sér, að reglur um meðlagsgreiðslur verði einfaldari en nú og tryggja betri innheimtu meðlaga eða verði með öðrum hætti til þess að létta útgjaldabyrðum af sveitarfélögunum. Verði haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa.

Að lokum skal þess getið, að þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, er borin fram að heiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.“